

Sveitarfélagið Hornafjörður
Skipulagsfulltrúi
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 27. nóvember 2017
UST201710-059/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Hornafjarðar - breyting – Skaftafell III – IV

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 9. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030. Breytingarnar felast í því að 10 ha landbúnaðarland/skógræktar- og landgræðslusvæði í landi Skaftafells III og IV er skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Skipulagssvæðið

Skipulagssvæðið liggur á nyrsta hluta svæðis sem afmarkast af Heiðarlæk til norðurs, þjóðvegi til austurs og varnargarði meðfram farvegi Morsár/Skeiðarár til vesturs.

Áætlaðar framkvæmdir

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu þá um ofangreinda uppbyggingu sem fram kemur í tillögunni. Einnig telur stofnunin mikilvægt að forðast verði allt óþarfa rask á svo áberandi stað og að gróður af svæðinu verði nýttur við uppgræðslu.

Breyting á aðalskipulagi

Í umfjöllun um breytinguna kemur fram að gert sé ráð fyrir að heimila uppbyggingu 35 lítilla gistihúsa allt að 40 m² hvert, ásamt 10 íbúðum samtals 1.000 m² og verslunar- og þjónustubyggingum alls 3.000 m². Að mati Umhverfisstofnunar þarf að huga vel að afstöðu svo margra smáhúsa, s.s. að þau standi ekki í beinum röðum eins og húsagötur í þéttbýli. Að mati stofnunarinnar fer það eftir skipulagi þeirra og annarra bygginga hve neikvæð áhrifin á ásýnd svæðisins verða mikil.


Umhverfismat


Umhverfisstofnun tekur undir val á kosti 3. Einnig tekur stofnunin undir það að áhrif á

ásýnd og landslag geta orðið neikvæð, vegna þess hve áberandi svæðið er. Að mati Umhverfisstofnunar er því mikilvægt að vanda allan undirbúning sem og framkvæmdir.

Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur